Reykjavík

Frístundaheimilið Halastjarnan

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 3
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 5
Félagsfærni: 5
Sjálfsefling: 5
Læsi: 5
Sköpun: 6
Heilbrigði: 6
Helstu dagsetningar 6
Ágúst 6
September 6
Október 6
Nóvember 6
Desember 6
Janúar 7
Febrúar 7
Apríl 7
Maí 7
Júní 7
Júlí 7

Inngangur

Frístundaheimilið Halastjarnan heyrir undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Halastjarnan þjónustar börn frá aldrinum 6-9 ára og er staðsett við Háteigsskóla. Forstöðukona er Sigrún Birna Arnardóttir og aðstoðarforstöðukona er Selma Özkan. Þar að auki vinna um það bil 15 starfsmenn í Halastjörnunni á hverjum degi sem eru til þess fallin að auðga og efla starfið með börnunum.
Þessi starfsáætlun er unnin út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar og Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2030. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2026 og gildir til 31. ágúst 2027.

Lögð er rík áhersla á að börnum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri og þroska. Til þess að ná því vinnum við með virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi og hugum sérstaklega að því að virkja börn sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning. Starfið er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Halastjörnunnar auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt ryndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Myndrænt skipulag, starfsumhverfi, frjáls leikur og skipulagt hópastarf

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

Engin

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Markvissari barnaráðsfundir	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Markvissari barnaráðsfundir.
Tækifæri til umbóta.	Að efla áhrif og þátttöku barna í starfsemi frístundaheimilisins.
Aðgerðir til umbóta	Fastur fundur 2x í mánuði, skrá þá niður og fylgja þeim eftir

Ábyrgð	Stjórnendur Halastjörnunnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026- komið í fastan sess fyrir mars 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Metið á starfsmannafundum og barnaráðsfundum hvernig gengur. Byrja hvern barnaráðsfund á stuttri yfirferð hvað var rætt á síðasta barnaráðsfundi.
Viðmið um árangur.	Að minnsta kosti 5 tillögur frá börnum verði innleiddar á hverri önn. Að hvetja þau sem tjá sig lítið til þess að tjá sig

Heiti aðgerðar: Fleiri vettvangsferðir	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að auka fjölbreytni þess sem er í boði í Halastjörnunni með því að bjóða uppá fleiri vettvangsferðir þar sem náttúra í nærumhverfi er nýtt.
Tækifæri til umbóta.	Að gera útiveru að stærri þætti í starfi Halastjörnunnar
Aðgerðir til umbóta.	Að útbúa hugmyndabanka með stöðum sem gaman er að heimsækja í nærumhverfinu. Setja inn a.m.k eina vettvangsferðir í mánaðarskipulagi. Nýta barnaráð til að fá hugmyndir frá börnum um áfangastaði og verkefni.
Ábyrgð	Stjórnendur Halastjörnunnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2027- aldrei
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Halda utanum þáttöku barna og skrá niður þær ferðir sem farið er í, gott að eiga í samtali við börnin og starfsfólk hvernig þeim finnst ganga og hvert þau vilja fara í ferðir.
Viðmið um árangur.	Að farið verði í að lágmarki eina vettvangsferð á mánuði. Að öll börn fái tækifæri til þátttöku.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Við störfum í anda menntastefnu Reykjavíkurborgar en meginmarkmið hennar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Grundvallarþættir stefnunnar eru fimm og verða listaðir hér upp:

Félagsfærni:

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Starf í frístundaheimilunum er í eðli sínu þjálfun í eflingu félagsfærni og markvisst er unnið með félagsfærni í gegnum félagsfærnileiki, samvinnuverkefni og vináttuþjálfun, ásamt því sem börnunum er leiðbeint um samskipti í leik og við lausn ágreinings. Við veitum börnum fjölbreyttan vettvang til þess að tjá skoðanir sínar, leggjum áherslu á að þau þjálfist í að tjá skoðanir sínar, læri að hlusta á skoðanir annarra og virða þær. Börnum er leiðbeint um hvernig leysa má friðsamlega úr ágreiningsmálum og þeim veitt leiðsögn í samskiptum, samvinnu og samkennd og þeim veitt tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri í fjölbreyttu, lýðræðislegu samstarfi.

Sjálfsefling:

Sterk sjálfsmynd barna og trú á eigin getu er einhver besti grunnur sem hægt er að veita barni út í lífið. Sjálfsefling felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu og að það læri að þekkja styrkleika sína og veikleika. Við leggjum áherslu á að kenna börnunum sjálfsaga og að efla með sér þrautseigju og seiglu. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti, læra að leysa ágreining friðsamlega og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og almennt árangur í lífinu. Við leggjum á það ríka áherslu að efla börnin og styðja í því að verða þau verði sterkir, sjálfbjarga einstaklingar, en það gerum við m.a. með því að þjálfa þau í því að taka sjálfstæðar ákvarðanir, að ögra þeim og kenna þeim að standa með sjálfum sér, að hjálpa þeim að þekkja sig sjálf og tilfinningar sínar, hjálpa þeim að átta sig á hvað þau vilja og opna hug þeirra fyrir hugmyndum og fólki. Við veitum þeim jákvæða hvatningu til að koma eigin hugmyndum í framkvæmd, en einnig hjálpum við þeim að bjarga sér í hversdeginum, svo sem með því að hjálpa þeim að læra á nærumhverfi sitt, læra á klukku og að passa tímann sinn, læra að gera sér einfaldan mat svo þau eigi auðveldara með að sjá um sig sjálf þegar þau eru vaxin upp úr frístundaheimilinu o.s.frv.

Læsi:

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Við vinnum með að efla þekking og skilning barna á samfélagi sínu og umhverfi, eflum með þeim miðlalæsi, menningarlæsi og svo almennt ritmálslæsi með fjölbreyttum verkefnum, svo dæmi séu tekin um hvernig unnið er með læsi í frístundaheimilunum okkar en góð lestrar færni á íslensku lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

Málstefna: Frístundaheimilið er með virka málstefnu en hún felur það í sér að við mörkum okkur skýra stefnu um það að hafa áhrif á málnotkun á stöðunum okkar og erum með skýrar hugmyndir um hvaða tungumál eigi að nota og hvenær. Málstefnan tekur einnig á því hvað sé talið gott og vandað mál og hvað skuli styðja við og viðhalda. Málstefnan tengist öllum fimm grunnþáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar, en þeir eru félagsfærni, sjálfsefling, læsi, sköpun og heilbrigði. Eitt af þeim tækjum sem við notum í frístundaheimilinu til að styðja við málstefnuna og læsisþáttinn í menntastefnunni er frístundalæsi, en það er verkefni þar sem læsi hefur verið skipt í sjö tegundir læsis sem Frístundaheimilið vinnur hvað mest með að undanskildu hefðbundnu læsi. Þessar tegundir læsis eru; félagslæsi, lista- og enningarlæsi, miðlalæsi, samfélagslæsi, vísindalæsi, náttúru- og umhverfislæsi og heilsulæsi.

Sköpun:

Í frístundaheimilunum er lögð rík áhersla að vinna sköpun og skapandi viðfangsefnum og því bjóðum við ávallt upp á fjölbreytt úrval af viðfangsefnum sem stuðla að sköpun og skapandi hugsun. Fjölbreytni er í skapandi viðfangsefnum, þeim er gert jafn hátt undir höfði og öðrum verkefnum og áhersla er á að börnin hafi gott aðgengi að skapandi efnivið þar sem þau hafa val um að vinna eftir fjölbreyttum leiðum. Auk þess tökum við þátt í listaviðburðum eins og barnamenningarhátíð og heimsækjum reglulega söfn og aðrar menningarstofnanir. Við erum dugleg að nota opinn efnivið og flétta tækninni inn í starfið okkar þannig að krökkum gefist færi á að fá sem flesta snertifleti við verk-, tækni- og listnám. Við leggjum áherslu á skapandi verkefni, hvort sem er í stuttum smiðjum eða lengri klúbbum og reynum að flétta saman skapandi vinnu og verklegri vinnu þar sem börnin þjálfast í meðferð áhalda, s.s. með skartgripagerð, tálgun, ljósmyndum o.s.frv.

Heilbrigði:

Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi. Unnið er að því að skapa umræður um heilbrigði í víðum skilningi, t.d. vellíðan, margbreytileika, svefn og hollar lífs- og matarvenjur. Við störfum eftir gátlista skóla- og frístundasviðs um heilsueflandi frístundastarf og styðjum þannig að heildrænt heilbrigði barnanna og hjálpum þeim að leggja góðan grunn að heilbrigðum lífsstíl.

Helstu dagsetningar

Ágúst

24. ágúst- skólasetning
25. ágúst- fyrsti dagur í vetrarstarfi

September

21-25. september- heilsuvika
30. september- lengd viðvera

Október

6. október- lengd viðvera
12-16. október- vísinda- og tilrauna vika
22, 23. og 26. október- vetrarfrí
31. október- hrekkjavaka

Nóvember

16.-20. nóvember- réttindavika
27. nóvember- lengd viðvera

Desember

10. desember- jólamarkaður Halastjörnunnar
21. desember- lengd viðvera
22. desember- lengd viðvera
23. desember- lengd viðvera
27. desember- lengd viðvera
28. desember- lengd viðvera
29. desember- lengd viðvera
30. desember- lengd viðvera

Janúar
4. janúar- lengd viðvera
18.-24. janúar- fjölmenningarvika

Febrúar
6. febrúar- lengd viðvera
8. febrúar- bolludagur
9. febrúar- sprengidagur
10. febrúar- öskudagur
15.-19. febrúar- miðlalæsisvika
22. og 3. febrúar- vetrarfrí

Mars
15.-19. mars- umhverfisvika
22. mars- lengd viðvera
23. mars- lengd viðvera
24. mars- lengd viðvera

Apríl
19.-23. apríl- barnamenningarvika
27. apríl- lengd viðvera

Maí
10-14. maí- fjölbreytileikavika
13. maí- regnbogahlaup

Júní
10. júní- skólaslit
11. júní- starfsdagur hjá starfsfólki Halastjörnunnar
14. júní- fyrsti dagur í sumarfrístund

Júlí
5. júlí- 4. ágúst- Sumarlokun Halastjörnunnar